

Starfslýsing fyrir matráð í Álfaborg/Valsárskóla

Það er einn matráður í Álfaborg/Valsárskóla og lýtur hann verkstjórn skólastjóra. Hann hefur yfirumsjón með mötuneyti skólanna og sér um þrif á matsal og eldhúsi á báðum starfsstöðvum.

Matráður, sem aðrir starfsmenn skóla, er bundinn þagnarskyldu. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Matráður hefur aðstoð í eldhúsi 4 tíma á dag og skipuleggur vinnu þess starfsmanns út frá þörfum hverju sinni. Hann er í sambandi við starfsmann Vínaborgar um síðdegishressingu og

Helstu verkefni matráðs eru:

Að sjá um morgunmat, heitan mat í hádeginu og síðdegishressingu alla daga vikunnar í leik- og grunnskóla.

Að sjá um matarinnkaup, taka við kostinum og ganga frá honum.

Að útbúa matseðil mánaðarins í samræmi við stefnu um heilsuefandi skóla og val nemenda á mat þegar þau eiga afmæli eða sérstök tilefni eru.

Koma fram á skólapingum þegar málefni eldhúss eru til umræðu og leita leiða til að leysa þau mál á lýðræðislegan hátt í samræmi við stefnu skólans.

Að eiga gott samstarf við starfsfólk og nemendur í leik- og grunnskóla og gæta að því að gott flæði sé í samskiptum varðandi matseðilgerð, innkaup, ofnæmi og sérþarfir ýmiskonar.

Að sjá um að nemendur dragi um sæti í matsalnum mánaðarlega.

Að aðstoða heimilisfræðikennara við kennslu og stjórna frágangi nemenda.

Að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.

Að gera húsverði viðvart um allar bilanir, sem vart verður við, og einnig ef efni eða áhöld vantar til ræstinga.

Að þrifa eldhús og matsal í leik- og grunnskóla

Að fara reglulega yfir áhöld og búnað í eldhúsi og sjá um að kaupa smááhöld sem til þarf. Öll útgjöld þarf að bera undir skólastjóra.

Situr starfsmannafundi og vikulega fundi með skólastjóra, deildarstjórum og húsverði.

Að sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum og fellur undir skólastarf án þess að vera kennsla.